

Fundur 6.2.2023 Jóhannes Björn rithöfundur.

Komið þið allir sælir.

Og gott að komast í sambandið.

*Já blessaður og velkominn.*

Íslendingur ég er Íslendingur og veit ég ekki hvað úr mér hefði orðið án Nýals, en ýmislegt hef ég tekið mér fyrir hendur á lífsleiðinni og hafði sú bók góð áhrif.

Þótti mér mjög slæmt að ekki gat ég komið því öllu frá mér sem ég hafði viðað að mér á lífsleiðinni áður en ég lést, en hefur þetta verið góður tími á þessari framlífsjörð og er ég hér hamingjusamur og vona að ættingjum mínum og vinum líði vel á gömlu jörðinni.

Það er svo margt sem ég vildi við ykkur segja en það verður víst að einskorða það við fáein atriði.

Ég hafði gert mér ákveðna hugmynd um framlífið og var hún að nokkru leiti byggð á lestri mínum á Nýal til forna.

En einngi hafði ég gert mér aðrar hugmyndir en þrátt fyrir það allt, kom þetta mér þetta mikið á óvart og fannst mér sem hlutirnir gerðust miklu hraðar en ég hafði ímyndað mér og upplifði ég tímann á annan hátt en áður og ekki er hægt að lýsa því öðru vísi en að skynjun mín hafi fengið nýja vídd, en þannig upplifði ég það að minnsta kosti.

Ég hafði viðað að mér svo miklu efni um, það er einhver truflun, um aðburði þá sem eru að gerast á jörðinni og ég vildi svo gjarnan aðeins segja frá því hér í kvöld, en það eru einhver helstefnu áhrif sem trufla.

Ég hafði bæði verið með bækur í smíðum á ensku og íslensku og var það gamalt verkefni sem hafði dregist, en hafði ég einnig vanist því eins og nútíma menn og er ég einn af ykkur nútíma mönnum og er ég nýlega látinn.

Hafði ég vanist því einnig að birta greinar eftir mig á vefmiðlum og hafði það glapið huga minn frá bókaútgáfu, en þar sem ég bjó var líka nóg af slíkum bókum og fannst mér seinni árin eins og það skipti ekki öllu máli hvort að ég reyndi að koma með aðra slíka bók sjálfur.

En hef ég alltaf haldið einhverjum tengslum við Íslendinga og minnst ég þess þegar ég var ungur maður, las Nýal og varð fyrir áhrifum af honum og opnaði það nýjar dyr í skynjuninni og opnaði mig fyrir áhugamálum sem ég átti eftir að falla fyrir, ýmsum öðrum allskyns bókum og kvikmyndum.

Og já, margt frá því að segja, ég, sambandið getur ekki orðið langt, það eru einhverjar truflanir, ég reyni að segja nafn mitt og það sem ég vildi við ykkur segja hér í kvöld, ótal margt annað sem liggur á hjarta og gæti reynt að koma við tækifæri og úskýra það betur en ég hafði um langt skeið skrifað um efnahagsástand Bandaríkjanna og efnahagsástand annarra ríkja og varað við yfir vofandi kreppum og tengist það öðrum áhugamálum mínum og er ég ekki frá því að faraldur sá sem gengið hefur yfir heiminn hefur eitthvað stýtt líf mitt, en hef ég hér í framlífi rætt við ýmsa sérfræðinga um það og væri mjög áhugavert að fjalla um það við tækifæri, en ekki get ég farið nánar út í það, orkan er ekki nægileg fyrir það.

En vil ég að lokum segja áður en ég kveð, að megin niðurstöður þær sem ég setti fram í bókum mínum eru réttar, eru það sömu öflin og komu af stað styrjöldunum, fyrri heimstyrjöldunum og ýmsum styrjöldum sem standa á bak við Úkraínustríðið og kannski þess drepsótt.

Og reyni ég að fjalla um það síðar ef ég kemst í sambandið til ykkar sem ég vona að verði.

*Já vertu velkominn.*

Ég er einnig hræddur um að efnahagskreppa sé ekki langt undan nema ýmis fjármálaöfl í heiminum geti afstýrt því.

Veit ég það ekki með vissu en þætti mér gaman að fjalla um það nánar síðar.

Nafn mitt er,

*Varst þú lengi búsettur erlendis?*

Já, Jóhannes Björn.

*Já, já, þú varst búsettur í New York var það ekki?*

Já, já.

Ég reyni að koma síðar, þakka ykkur kærlega fyrir, hér hef ég það gott og hef hitt mína ættingja og stórkostlegt um að litast, reyni að koma síðar, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.*